

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2009/EES/25/19

frá 1. mars 2006

um reglur, samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 761/2001, um notkun kennimerkis umhverfisstjórnunarkerfis Bandalagsins (EMAS) í undantekningartilvikum á flutningsumbúðir og þriðjastigsumbúðir (*)

(tilkynnt með númeri C(2006) 306)

(2006/193/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

skyni að veita hagsmunaaðilum upplýsingar um umhverfismál á skilvirkan hátt.

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 761/2001 frá 19. mars 2001 um að heimila frjálsa aðild fyrirtækja/stofnana að umhverfisstjórnunarkerfi Bandalagsins (EMAS) ⁽¹⁾, einkum annarri undirgrein 3. mgr. 8. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Kennimerki umhverfisstjórnunarkerfis Bandalagsins (EMAS-merkið) gefur almenningi og öðrum hagsmunaaðilum til kynna að fyrirtækið/stofnunin með EMAS-skráninguna hafi komið á fót umhverfisstjórnunarkerfi í samræmi við kröfurnar í reglugerð (EB) nr. 761/2001.
- 2) Ekki má nota EMAS-merkið á vörur eða umbúðir þeirra eða í tengslum við staðhæfingar þar sem um samanburð við aðrar vörur, starfsemi og þjónustu er að ræða. Hluti matsins, sem kveðið er á um í 3. mgr. 15. gr. reglugerðar nr. 761/2001 (EB), skal hins vegar vera umfjöllun framkvæmdastjórnarinnar um það við hvaða sérstöku aðstæður sé heimilt að nota EMAS-merkið.
- 3) Tiltekin fyrirtæki/stofnanir með EMAS-skráningu hafa sýnt áhuga á því að nota EMAS-merkið á flutningsumbúðum sínum eða þriðjastigsumbúðum í því

- 4) Í matinu, sem unnið var skv. 3. mgr. 15. gr. reglugerðar nr. 761/2001 af hálfu framkvæmdastjórnarinnar og í samvinnu við aðildarríkin, um notkun, viðurkenningu og túlkun kennimerkisins var dregin sú ályktun að flutningsumbúðir og þriðjastigsumbúðir, eins og þær eru skilgreindar í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/62/EB frá 20. desember 1994 um umbúðir og umbúðaúrgang ⁽²⁾, væru undantekningartilvik í samræmi við 3. mgr. 8. gr. reglugerðar (EB) nr. 761/2001, svo fremi umbúðirnar tengist ekki beinlínis vörunum og því sé leyfilegt að nota EMAS-merkið á slíkar umbúðir.

- 5) Enn fremur skulu viðbótarupplýsingar fylgja kennimerkinu til að tryggja að ekki sé nein hættu á ruglingi við umhverfismerki á vörum og til að gefa almenningi og öðrum hagsmunaaðilum skýrt til kynna að notkun kennimerkisins tengist ekki á neinn hátt vörunum eða eiginleikum varanna sem eru í flutningsumbúðunum eða þriðjastigsumbúðunum heldur umhverfisstjórnunarkerfinu sem skráða fyrirtækið/stofnunin notar.
- 6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót með 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 761/2001.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 70, 9.3.2006, bls. 63. Henni var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 32/2007 frá 27. apríl 2007 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, sjá EES-*viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 38, 9.8.2007, p. 37.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 114, 24.4.2001, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 196/2006 (Stjtið. ESB L 32, 4.2.2006, bls. 4).

⁽²⁾ Stjtið. EB L 365, 31.12.1994, bls. 10. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 2005/20/EB Evrópuþingsins og ráðsins (Stjtið. ESB L 70, 16.3.2005, bls. 17).

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Fyrirtæki/stofnanir með EMAS-skráningu mega nota báðar útgáfunar af EMAS-merkinu sem settar eru fram í IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 761/2001 á flutningsumbúðum sínum eða þriðjastigsumbúðum í skilningi 1. mgr. 3. gr. tilskipunar 94/62/EB. Í slíkum tilvikum skal eftirfarandi texti fylgja EMAS-merkinu:

„[Heiti fyrirtækis/stofnunar með EMAS-skráningu] er fyrirtæki/stofnun sem fellur undir ramma umhverfisstjórnunarkerfis Bandalagsins (EMAS)“.

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 1. mars 2006.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Stavros DIMAS

framkvæmdastjóri.
